

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Heilbrigðismálaráð einstakra læknishéraða geta sett sér ýtarlegri starfsreglur en hér er gert.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. 4. tl. laga nr. 57 frá 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

30. maí 1978.

Nr. 226.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976 fyrir
Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru samkvæmt 15. gr., skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0.25% af heildarmati hvernar fasteignar, þó eigi minna en kr. 25 af m³ hvernar byggingar.

Gjalddagi skatts samkvæmt þessari grein er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts samkvæmt 16. gr. skal innheimta aukavatnsskatt samkvæmt nánari ákvörðun bæjarráðs, fyrir verksmíðjur, iðnfyrirtæki, vinnslustöðvar, útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðastöðvar, svo og af öðrum er nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar. Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli 50 m/m eða minni kr. 5 000 og kr. 10 000 fyrir stærri mæla. Vatnsveitan sér um uppsetningu mælanna og kostar eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af mannavöldum eða frostum ber húseiganda að bæta. Gjöld samkvæmt 16. gr. eru miðuð við vísitölubyggingarkostnaðar pr. 1. jan. 1978 (176 stig), og breytast árlega í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu.

3. gr.

18. gr. orðist svo:

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli eða vatnsnotkun er áætluð samkvæmt 17. gr. skal greiða, auk gjalds samkvæmt 16. gr.:

A gjald: 16 kr/m³ fyrir notkun allt að 2500 m³/mán.

B gjald: 32 kr/m³ fyrir notkun frá 2500 — 5000 m³/mán.

C gjald: 48 kr/m³ fyrir notkun yfir 5000 m³/mán.

Gjöld samkvæmt þessari grein ber að greiða ársfjórðungslega.

Vatnsveitustjóra er heimilt að mæla vatnsnotkun yfir styttri eða lengri tímabil, heldur en einn mánuð. Við útreikning til ákvörðunar á gjaldflokk fyrir vatnsnotkun á hverju tímabili, skal miða álagið við mælt magn á tímabilinu umreiknað í hlutfalli við 30 sólarhringa í mánuði.

Gjöld samkvæmt 18. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. jan. 1978 (176 stig) og breytast þegar breytingar verða á nefndri vísitölu.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Heimæðagjöld Vatnsveitu Sauðárkróks skulu vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál)

400— 2 000 m³: 50 000 kr. f. 400 m³ og 37.50 kr/m³ þar yfir
2 000— 6 000 m³: 110 000 kr. f. 2 000 m³ og 34.00 kr/m³ þar yfir
6 000—10 000 m³: 246 000 kr. f. 6 000 m³ og 30.50 kr/m³ þar yfir
Yfir 10 000 m³: 368 000 kr. f. 10 000 m³ og 27.00 kr/m³ þar yfir

Gjöld samkvæmt 19. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. jan. 1978 (176 stig) og breytast þegar breytingar verða á nefndri vísitölu.

Heimæðagjöld skal greiða um leið og bygging er tengd vatnsveitunni.

5. gr.

20. gr. orðist svo:

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðast kr. 100 fyrir hvern m³ og auk þess afgreiðslugjald kr. 1 000 að degi, en kr. 1 800 utan dagvinnutíma. Gjaldið greiðist við móttöku.

Gjöld samkvæmt 20. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. jan. 1978 (176 stig) og breytast þegar breytingar verða á nefndri vísitölu.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari, öll eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

7. gr.

22. gr. orðist svo:

Verði vanskil skal reikna hæstu lögleyfða dráttarvexti. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra sem ekki greiða vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari á réttum gjalddögum.

Opnunargjald skal vera kr. 2 000.

Vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari má taka lögtaki og njóta gjöld þessi lögveðsréttar í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Opnunargjald breytist árlega til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. jan. 1978 (176 stig).

8. gr.

23. gr. orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 40 000 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

12. júní 1978.

Nr. 227.

SAMÞYKKT

um sorplosun á Akureyri.

1. gr.

Bæjarstjórn sér um að flytja reglulega sorp og úrgang frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Akureyri á kostnað bæjarsjóðs, sbr þó 5. gr.

Flutning sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

2. gr.

Sorp og úrgang, sem fellur til daglega skal setja í sérstakan poka, sem bæjarfélagið lætur í té. Pokunum skal komið fyrir í þar til gerðum grindum sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir þá og skulu húseigendur leggja þær til og kosta. Þar sem sorpgeymslur eru skulu grindurnar vera frístandandi eða festar á hurð eða vegg geymslunnar. Utanhúss skal grindunum komið fyrir í sérstökum sorptunnum eða sérbyggðum sorpkistum. Lok skulu vera á öllum sorpgrindum nema þar sem grindur eru undir sorprennum.

Um gerð, frágang og staðsetningu sorpgeymslna, sorpgrinda, sorptunna og sorpkista skal farið að fyrirmælum byggingafulltrúa og bygginganefndar annars vegar og heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar hins vegar.

Húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpkistum og sorptunnum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpílát, sem endurnýjuð sé eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. ein pokagrind fyrir hverja íbúð. Frá ákvæði þessu má víkja í fjölbýlishúsum með sérstakar sorpgeymslur enda sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

Húseiganda ber sjálfum að skipta um poka í grindum, fyllist þeir milli tæminga, og ganga þannig frá þeim að sorp hrynji ekki úr þeim.

4. gr.

Blautt sorp skal sett innpakkað í sorppokana. Glerbrot og aðra oddhvassa hluti má eigi setja í sorppoka nema þannig sé um búið að ekki sé hætt á að rífi pokann eða slysaætta geti af stafað fyrir hreinsunarmenn.